



Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. febrúar 2026

Efni: Gæðaviðmið fyrir vistun barns utan heimilis eða í fóstri á vegum barnaverndarþjónustna.

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) tók til starfa 1. janúar 2022. Stofnunin fer með eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er m.a. á grundvelli barnaverndarlaga, laga um Barna- og fjölskyldustofu og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun nr. 88/2021 er stofnuninni m.a. ætlað það meginhlutverk að þróa gæðaviðmið á grundvelli bestu mögulegu þekkingar á málaflokkum á verkefnasviði stofnunarinnar. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 88/2021 kemur fram að með gæðaviðmiðum sé átt sé við leiðbeiningar til þeirra sem lúta eftirliti stofnunarinnar um að sinna þjónustu með ákveðnum hætti og að markmið þeirra sé að stuðla að auknum gæðum þjónustu.

Í 6. gr. laganna kemur fram að GEV skuli veita þeim umsækjendum rekstrarleyfi sem sýna fram á að geta veitt þjónustu sem er örugg og í samræmi við gæðaviðmið og ákvæði laga, reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga. Þá kemur fram í 13. gr. laganna að GEV taki við ábendingum um þjónustu undir eftirliti stofnunarinnar sem er ekki í samræmi við gæðaviðmið eða ákvæði laga, reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga.

Gæðaviðmiðum er þannig ætlað að gegna veigamiklu hlutverki og gera lögin ráð fyrir því að eftirlitshlutverk stofnunarinnar grundvallist að miklu leyti á þeim viðmiðum sem stofnunin setur.

Nú eru rúmlega fjögur ár liðin frá því að GEV tók til starfa en enn hafa ekki verið birt gæðaviðmið fyrir barnaverndarstarf, m.a. vistun barns utan heimilis eða í fóstri á vegum barnaverndarþjónustna.

Að mati umboðsmanns barna er brýnt að þróun gæðaviðmiða fyrir barnaverndarstarf verði sett í algjöran forgang. Á þetta hefur áður verið bent m.a. af barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna sem beindi þeim skilaboðum til Íslands árið 2022 að forgangsraða umbótum á barnaverndarkerfinu með það fyrir augum að þróa gæðaviðmið og skýrar leiðbeiningar fyrir barnaverndarþjónustur og umdæmisráð barnaverndar.

Umboðsmaður barna óskar hér með eftir upplýsingum frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, eftir atvikum með atbeina GEV, um það hvort GEV hafi þróað gæðaviðmið um þjónustu sem er veitt á grundvelli barnaverndarlaga, einkum fyrir vistun barns utan heimilis eða í fóstri. Ef það hefur ekki verið gert er óskað eftir upplýsingum um hvar sú vinna stendur og hvenær þess sé að vænta að birt verði gæðaviðmið og gæðavísar fyrir vistun barna utan heimilis eða í fóstri.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Þess er óskað að svar berist ekki síðar en 28. febrúar nk.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna